Breiðdalur
...brosir við þér

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/919
komudagur 23.1. 2012

Breiðdalshreppur
760 Breiðdalsvík
www.breiddalur.is
www.breiddalur.is

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis,
150 Reykjavík

*Breiðdalsvík, 20. janúar 2012*
Til. 2012012001/41-01

**Efni: Samgönguáætlun**

392. mál

Með bréfi þessu vill Breiðdalshreppur koma á framfæri við Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis áherslum sínum varðandi Breiðdalsvíkurhöfn og þá með þeim óskum að nauðsynlegar framkvæmdir við höfnina verði settar á samgönguáætlun.

Meðfylgjandi eru upplýsingar varðandi landaðann afla við Breiðdalsvíkurhöfn. Í þeim upplýsingum má sjá ótrúlega þróun. Frá því að vera með „brunarústir" í orðsins fyllstu merkingu, yfir í höfn sem skilar byggðarlagi sínu og samfélagi tekjum og mannlífi.

Óskað er eftir að framkvæmdir við Breiðdalsvíkurhöfn verði settar inn á fyrri hluta samgönguáætlunar (2011-2014) sem nú er til umfjöllunnar hjá Alþingi.

Með bestu kveðjum,

Sveitarstjóri Breiðdalshrepps

Páll Baldursson
Sveitarstjóri Breiðdalshrepps
Ásvegi 32, 760 Breiðdalsvík
s: 4 705 561 / f: 4 756 758 / g: 896-6716
palli@breiddalur.is / www.breiddalur.is

**Meðfylgjandi:**
Upplýsingar um landaðann afla
Upplýsingar um nauðsynlegar framkvæmdir

**Breiðdalur**
*...brosir við þér*

Breiðdalshreppur
760 Breiðdalsvík
www.breiddalur.is

## Landaður afli við Breiðdalsvíkurhöfn



**Eftir „almannaksárum":**

| Ár. | Tonn | Þar af strandveiði |
|---|---|---|
| 2007 | 108 | Ekki byrjuð |
| 2008 | 83 | Ekki byrjuð |
| 2009 | 93 | 69 |
| 2010 | 1.043 | 96 |
| 2011 | 2.582 | 136 |



**Eftir fiskveiðiárum:**

| Ár. | Tonn | Þar af strandveiði |
|---|---|---|
| 2007/2008 | 120 | Ekki byrjuð |
| 2008/2009 | 77 | 69 |
| 2009/2010 | 735 | 96 |
| 2010/2011 | 1.326 | 136 |
| 2011 (sept-des) | 1.567 | - |





Frystihúsið á Breiðdalsvík brann 14. mars 2006. Eftir að vinnslan fór síðan í þrot, stóð húsið hálf endurbyggt um árabil. En hefur nú allt verið endurbyggt og klárað.

FISKISTOFA

# Landaður botnfiskafli eftir höfnum 2007 til 2011

*4.1.2012*

Á árinu 2007 var 113.649 tonnum landað á höfnum höfuðborgarsvæðisins en á nýliðnu ár var landaður afli 147.054 tonn. Þetta er aukning upp á 29%. Höfuðborgarsvæðið jók einnig hlutdeild sína í lönduðum afla á landsvísu á ofangreindu tímabili úr 24,8% í 31,9%. Hlutdeild hafna á Norðurlandi vestra hefur minnkað úr 6,2% niður í 5,3% og á Austurlandi úr 12,2% niður í 9,2%.



(/media/frettir/04012012Hlutfall_botnfiskafla_e_landshlutum.jpg)

Miklar breytingar hafa orðið í lönduðu magni hjá einstaka höfnum. Á Breiðdalsvík var árið 2007 landað 108 tonnum af botnfiski en á síðasta ári var hins vegar landað 2.582 tonnum. Umtalsverð aukning varð einnig á Þingeyri en þar fór aflinn úr 400 tonnum í 2.106 tonn á ofangreindu tímabili. Umtalsverð aukning hefur einnig orðið á nokkrum öðrum höfnum á ofangreindu tímabili. Þessa miklu aukningu í mörgum minni höfnum landsins má þakka tilkomu strandveiða.

Hins vegar hefur orðið samdráttur í lönduðu magni á fjölmörgum stöðum allt í kringum landið. Samdrátturinn hefur numið meira en 80% á fáeinum stöðum auk þess sem löndun hefur lagst af á öðrum. Meðal staða sem hafa mátt þola mikinn samdrátt er Akranes en þar er samdrátturinn tæp 84% sé litið til breytinga á lönduðu magni 2007 og 2011. Árið 2007 var 6.926 tonnum landað þar en í fyrra var aðeins landað 1.097 tonnum. Önnur höfn þar sem samdrátturinn í löndun á botnfiski er verulegur er Flateyri þar sem samdrátturinn nam rúmlega 77%.

Á nýliðu ári var engum botnfiski landað á Blönduósi, Hjalteyri og Skarðsstöð.

**Hér má nálgast Excel skjal** (/media/frettir/04012012botnfiskur_e_hofnum.xls) með upplýsingar um landaðan botnfisk eftir höfnum og landsvæðum á tímabilinu frá 2007 til 2011 bæði í tonnum talið og í hlutfallstölum undir sitthvorum flipa skjalsins. Þar kemur

m.a. fram að mestum botnfiski var landað á síðasta ári í Reykjavík eða 96.960 tonnum. Sú höfn sem kemur næst í magni er Hafnarfjörður sem er þó aðeins hálfdrættingur með 49.899 tonn.

Fiskistofa

## Landaður botnfiskafli eftir höfnum árin 2007 - 2011

Afli er í tonnum (ósl.)

| | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | Br. Frá 07 og 11 (%) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Suðurland** | | | | | | |
| 1 Vestmannaeyjar | 20.032 | 18.529 | 24.049 | 22.117 | 25.635 | 28 |
| 11 Þorlákshöfn | 16.813 | 17.521 | 14.979 | 13.171 | 12.408 | -26 |
| Alls | 36.845 | 36.050 | 39.027 | 35.288 | 38.043 | 3 |
| **Suðurnes** | | | | | | |
| 13 Grindavík | 43.397 | 43.308 | 41.786 | 46.410 | 41.810 | -4 |
| 17 Sandgerði | 19.041 | 17.006 | 17.392 | 16.616 | 15.142 | -20 |
| 21 Keflavík | 5.311 | 4.833 | 5.966 | 4.894 | 5.607 | 6 |
| Alls | 67.749 | 65.147 | 65.143 | 68.120 | 62.559 | -8 |
| **Höfuðborgarsvæðið** | | | | | | |
| 27 Hafnarfjörður | 23.346 | 36.685 | 39.470 | 50.177 | 49.899 | 114 |
| 31 Kópavogur | 155 | 165 | 180 | 196 | 195 | 25 |
| 33 Reykjavík | 90.148 | 97.356 | 102.548 | 104.406 | 96.960 | 8 |
| Alls | 113.649 | 134.206 | 142.198 | 154.778 | 147.054 | 29 |
| **Vesturland** | | | | | | |
| 35 Akranes | 6.926 | 1.873 | 1.931 | 1.179 | 1.097 | -84 |
| 38 Arnarstapi | 2.549 | 2.993 | 2.985 | 1.981 | 1.911 | -25 |
| 42 Rif | 14.200 | 14.670 | 17.945 | 15.281 | 13.827 | -3 |
| 43 Ólafsvík | 11.068 | 12.437 | 13.925 | 11.208 | 10.451 | -6 |
| 45 Grundarfjörður | 11.272 | 11.552 | 11.855 | 10.078 | 11.561 | 3 |
| 47 Stykkishólmur | 2.605 | 2.462 | 3.166 | 2.489 | 2.122 | -19 |
| 291 Skarðsstöð | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | |
| Alls | 48.701 | 45.987 | 51.810 | 42.215 | 40.970 | -16 |
| **Vestfirðir** | | | | | | |
| 53 Reykhólar | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | |
| 55 Brjánslækur | 27 | 15 | 77 | 46 | 54 | 103 |
| 56 Haukabergsvaðall | 0 | 0 | 1 | 0 | 6 | |
| 57 Patreksfjörður | 6.943 | 5.736 | 5.352 | 4.688 | 5.752 | -17 |
| 59 Tálknafjörður | 2.746 | 3.071 | 3.596 | 2.811 | 2.504 | -9 |
| 61 Bíldudalur | 477 | 1.355 | 1.163 | 438 | 637 | 34 |
| 63 Þingeyri | 400 | 1.622 | 1.110 | 1.544 | 2.106 | 426 |
| 65 Flateyri | 4.605 | 975 | 952 | 647 | 1.062 | -77 |
| 67 Suðureyri | 4.056 | 3.344 | 3.703 | 3.472 | 2.189 | -46 |
| 69 Bolungarvík | 8.949 | 9.163 | 11.000 | 12.233 | 14.035 | 57 |
| 73 Ísafjörður | 11.353 | 11.377 | 12.715 | 12.009 | 10.574 | -7 |
| 75 Súðavík | 798 | 810 | 775 | 948 | 593 | -26 |
| 200 Gjögur | 0 | 0 | 0 | 0 | 13 | |
| 77 Norðurfjörður | 105 | 27 | 62 | 106 | 239 | 128 |
| 79 Drangsnes | 1.095 | 1.135 | 713 | 813 | 858 | -22 |
| 81 Hólmavík | 906 | 1.113 | 945 | 1.088 | 1.077 | 19 |
| Alls | 42.458 | 39.741 | 42.164 | 40.842 | 41.701 | -2 |
| **Norðurland vestra** | | | | | | |
| 83 Hvammstangi | 445 | 154 | 201 | 230 | 246 | -45 |
| 85 Blönduós | 176 | 38 | 7 | 41 | 0 | -100 |
| 87 Skagaströnd | 11.531 | 11.062 | 11.529 | 14.087 | 12.822 | 11 |
| 89 Sauðárkrókur | 15.284 | 12.402 | 13.300 | 15.785 | 10.676 | -30 |
| 91 Hofsós | 1.126 | 735 | 1.353 | 866 | 692 | -39 |
| 92 Haganesvík | 0 | 3 | 0 | 3 | 1 | |
| Alls | 28.561 | 24.393 | 26.389 | 31.012 | 24.436 | -14 |
| **Norðurland eystra** | | | | | | |
| 93 Siglufjörður | 4.511 | 8.228 | 10.001 | 7.708 | 11.323 | 151 |
| 95 Ólafsfjörður | 12.051 | 9.122 | 8.946 | 8.450 | 6.063 | -50 |
| 97 Grímsey | 2.514 | 2.527 | 2.810 | 2.339 | 2.572 | 2 |
| 99 Hrísey | 822 | 637 | 482 | 551 | 453 | -45 |
| 101 Dalvík | 9.989 | 5.655 | 10.514 | 10.249 | 12.794 | 28 |
| 103 Árskógssandur | 1.498 | 1.065 | 1.222 | 909 | 881 | -41 |
| 104 Hauganes | 52 | 130 | 100 | 101 | 73 | 40 |
| 105 Hjalteyri | 2 | 3 | 0 | 0 | 0 | -100 |
| 107 Akureyri | 21.904 | 15.902 | 15.241 | 17.342 | 20.650 | -6 |
| 111 Grenivík | 119 | 107 | 132 | 289 | 234 | 96 |
| 115 Húsavík | 3.606 | 3.854 | 5.272 | 4.859 | 5.621 | 56 |
| 117 Kópasker | 1.185 | 953 | 281 | 310 | 229 | -81 |
| 119 Raufarhöfn | 2.476 | 1.532 | 824 | 1.187 | 971 | -61 |
| 121 Þórshöfn | 1.976 | 1.079 | 1.371 | 1.266 | 1.212 | -39 |
| 123 Bakkafjörður | 977 | 753 | 647 | 569 | 603 | -38 |
| Alls | 63.681 | 51.547 | 57.842 | 56.127 | 63.700 | 0 |
| **Austurland** | | | | | | |
| 125 Vopnafjörður | 866 | 658 | 560 | 747 | 750 | -13 |
| 129 Borgarfjörður Eystri | 605 | 493 | 645 | 712 | 608 | 1 |
| 131 Seyðisfjörður | 6.097 | 4.194 | 5.309 | 5.986 | 4.699 | -23 |
| 133 Mjóifjörður | 37 | 3 | 10 | 10 | 51 | 36 |
| 135 Neskaupstaður | 10.966 | 12.903 | 12.085 | 12.175 | 11.299 | 3 |
| 137 Eskifjörður | 12.395 | 10.048 | 6.614 | 2.780 | 1.405 | -89 |
| 139 Reyðarfjörður | 256 | 0 | 42 | 15 | 6 | -98 |
| 141 Fáskrúðsfjörður | 2.876 | 4.192 | 4.756 | 3.865 | 3.419 | 19 |
| 143 Stöðvarfjörður | 1.511 | 1.616 | 3.172 | 2.700 | 3.594 | 138 |
| 145 Breiðdalsvík | 108 | 83 | 93 | 1.043 | 2.582 | 2.281 |
| 147 Djúpivogur | 11.996 | 7.616 | 10.055 | 6.947 | 6.177 | -49 |
| 149 Hornafjörður | 8.100 | 10.913 | 10.372 | 9.774 | 7.005 | -4 |
| Alls | 55.814 | 52.717 | 53.712 | 46.752 | 42.396 | -24 |
| **Samtals** | 457.456 | 449.789 | 478.286 | 475.135 | 460.860 | 1 |

Breiðdalur
...brosir við þér

Breiðdalshreppur
760 Breiðdalsvík
www.breiddalur.is

## Nauðsynlegar framkvæmdir við Breiðdalsvíkurhöfn

Stækkun flotbryggju við Breiðdalsvíkurhöfn:
Um er að ræða endurnýjum á flotbryggju Breiðdalsvíkurhafnar. Eldri flotbryggja var sett upp 1998 og er 2 x 10m langar. Nýjar 2 x 20m bryggjur settar í staðin og eldri bryggjur nýttar sem fingur á þá nýju. Markmiðið er að sinna betur stærri smábátum sem eru að nýta höfnina.
Áætlaður kostnaður: 18 mkr.

Fjarlægja gömlu bryggju og uppsetning öldubrjóts:
Fjarlægja haus gamallar trébryggju sem í grunnin er frá miðri 20. öld. Í staðin setja grjótgarð og öldubrjót, til þess að loka innri höfninni og mynda skjól. Öldubrjóturinn mynd jafnframt nýtast sem viðlega fyrir smábáta og aðra strandveiðibáta á sumrin. Grjót sem nýtist í þessa framkvæmd er til í eigu Breiðdalshrepps og á hafnarsvæðinu í geymslu.
Áætlaður kostnaður: 20 – 25 mkr.

Viðgerð á hafnargarði:
Lagfæra sjóvarnargarð sem verndar hafnarsvæði Breiðdalsvíkurhafnar. Um aldamótin 2000 brotnaði framan af garðinum og jafnframt fór haft úr honum fjarðarmegin. Við það veiktist garðurinn og hefur aðeins tekið úr honum nokkrum sinnum síðan. Eins og í tillögu hér að framan þá á Breiðdalshreppur grjótið fyrirliggjandi að mestu í geymslu á hafnarsvæði sínu.
Áætlaður kostnaður: 10 – 20 mkr.